

Deiliskipulag Garðahverfis

Friðsæll staður - vitni um tímans rás

Forsaga og yfirlit

Kynning fyrir bæjarráði 2. mars 2021

A0695-020-U01



Forsaga


Garðahverfið





Rammaskipulag frá 2001



Fornleifaskráning 2003



Aðalskipulag Garðabæjar 2004-2016



Deiliskipulag Garðahverfis 2013

Samstarf Garðabæjar og Garðafélagsins.

Ráðgjafar

- Alta - skipulagsvinna og verkefnisstjórn.
- Studio Granda og Kristinn Hrafnsson listamaður - Hvítbók.
- Ragnheiður Traustadóttir og Rúna Knútsdóttir Tetzschner, Þjóðminjasafni.


Umtalsverð gögn og greiningar um minjar og náttúru.

Samstarf:

- Dr. Hrefna Róbertsdóttir, Þjóðskjalavörður, forseti Sögufélagsins og nemendur hennar á námskeiði HÍ - Garðahverfi 18. aldar um fjölskyldusögu, mannfjöldapróun, landbúnað og sjósókn, þéttbýlismyndun og verslunarhætti Garðahverfisbænda.

Samráð:

- Í upphafi með sérfræðingum, m/fjölbreyttan bakgrunn.
- Íbúar - öll heimili heimsótt og almennir fundir.
- Sóknarnefnd.
- Lögbundnir umsagnaraðilar.



Deiliskipulagið





„Friðsæll staður sem ber vitni um tímans rás“

Þróun lands og lífríkis

Hægt er að lesa jarðsögu, landmótun og þróun lífríkis út úr umhverfinu

Forsendur

- Fjölbreyttar landtegundir
- Gróðurtegundir
- Fuglategundir
- Landmótunaröfl náttúrnar





Saga kynslóðanna

Lifandi staður sem segir sögu horfinna kynslóða og tengir hana við nútíð og framtíð

Forsendur

- Einstakar minjar um hjáleigubbyggð - svipmót
- Aðalprestsetur, gæðabrauð
- Upphaf matjurtaræktar
- Hausastaðaskóli 1791
- Verin og sölvafjörur
- Hlaðnir garðar, steinhögg, steinsmíði
- Byggðin í dag og framtíðarbyggð





Mynd 4.2.2 Móakotsbrunnur. Hver bær hafði brunn sem hann sótti vatn í





Mynd 4.2.3 Sýnileg vör í Garðafjöru



Mynd 4.2.4 Allar götur lágu til Garðalindar, sem aldrei þraut



Mynd 4.2.5 Hluti Garðatúnveggjar



Árstíðarskipti

Áhugaverður staður allan ársins hring

Forsendur

- Vor
 - Margæsir hafa viðdvöl
 - Krían og lóan mæta á svæðið
 - Sauðburður
- Sumar
 - Ungar að koma úr hreiðrum
 - Óvenju fjölbreyttar tegundir mófugla
 - Heyskapur
- Haust
 - Lóan að ferðbúast
 - Margæsir á suðurleið
- Vetur
 - Stjörnur og norðurljósín
 - Snjótittlingar
 - Útibeit



Sólarhringurinn

Að njóta megi staðarins bæði í myrkri og birtu og sjá merki um dægursveiflur

Forsendur

- Flóð og fjara
- Langir sumardagar
- Stuttir vetrardagar
- Hafgola



Aðkoma og kjarni svæðisins

- Breytingar verði gerðar á gatnamótun Garðavegar og Garðaholtsvegar sem miða að því að draga úr hraða og auka öryggi vegfarenda.
- Aðalaðkoma verði við félagsheimilið Garðaholt. Bílplan stækkað og hannað með anda staðar í huga.
- Gangbraut verði gerð milli Garðaholts og Króks og gangstígur lagðir þaðan að Garðakirkju.



Garðakirkja og kirkjugarðurinn

- Sögunni gerð skil í umhverfismótun og upplýsingum.
- Kirkjugarðurinn hljóðlátur hluti af útivistar svæðinu.
- Umhverfisfrágangur í anda staðarins.
- Stígur frá kirkjugarðinum að sjónum sem tengist Garðalind, Sjávargötu og Garðavör.
- Kirkjugarðinum tryggt vaxtarrými en þó þannig að staðarandi svæðisins breytist ekki.




Gönguleiðir og áfangastaðir

- Markaðar gönguleiðir þar sem æja má á skjólsælum stöðum.
- Þrjár þemaleiðir: Minningaleið, byggðaleið og náttúruleið.
- Skilgreindir áfangastaðir á leiðunum.
- Áfangastaðir þjóni einu eða fleiri hlutverkum s.s. útivist, fræðslu, samveru, leik eða íhugun.



Minningaleið



Mynd 5.4.3 Minningaleið og áfangastaðir á henni

Sjávargata (5)

Saga og einkenni

Þar er að finna rústir hjáleigu og þurrabúðar í landi Garða. Hleðslur eru þar mjög sýnilegar og má m.a. sjá tóftir húsa.

Skilmálar

- Veggir sem sýna upprunalega bæjarskipan verði endurhlaðnir og garðalögum viðhaldið.
- Áfangastaðurinn skal hannaður með það í huga að hægt sé að setjast niður, njóta kyrrðar og íhuga.
- Huga skal að skjóli og útsýni við hönnun og bekkir hlaðnir þar sem fólk getur sest.



Mynd 5.5.17 Vel sýnilegar hleðslur Sjávargötu




Mynd 5.5.18 Áfangastaðir 5 og 6: Sjávargata og Garðavör



Mynd 5.5.19 Minjar um gamla vör í Garðafjöru

Byggðaleið



Mynd 5.4.2 Byggðarleið og áfangastaðir á henni

Garðatúngarður og Háteigur (10)

Saga og einkenni

Garðatúngarður var hlaðinn fyrir tilstilli séra Markúsar Magnússonar á síðari hluta 18. aldar. Túngarðurinn girti af alla Garðatorfuna ásamt hjáleigu-túnnum og náði frá Balatjörn að Skógtjörn. Hann kom í staðinn fyrir ýmis eldri garðalög sem fyrir voru í hverfinu. Enn var túngarður við allar jarðirnar árin 1932-44 en hann er misvel varðveittur í dag. Að Háteigi eru varðveittir garðar um 17 x 48 m að stærð og allt að 1,2m háir.

Skilmálar

- Garðatúngarður verði endurhlaðinn og honum viðhaldið.
- Gönguleið liggji meðfram túnveggnum endilöngum.
- Tún- og kálgarðar við Háteig verði endurhlaðnir.
- Nytjarðar verði til umráða fyrir almenning við Háteig.




Mynd 5.5.28 Áfangastaður 10: Garðatúngarður og Háteigur



Mynd 5.5.29 Vel sýnilegar hleðslur Garðatúngarðs, Háteigs og Ráðagerðis

Náttúruleið



Mynd 5.4.1 Náttúruleið og áfangastaðir á henni

Skerpla og Skógtjörn (13)

Saga og einkenni


Fremur breið sandströnd vestast í holtinu þar sem bæði sjást selir og sjófuglar. Auðvelt aðgengi er að Skerplu um veg sem liggur að henni vestast á holtinu. Þessi staður er því skilgreindur sem einn af þremur tengipunktum inn á svæðið. Í göngufæri við hann er skilgreindur áfangastaður við Skógtjörn þar sem gert er ráð fyrir skýli til að skoða fugla og seli. Við Skógtjörn og Aukatjörn eru dvalarsvæði margæsa að vori og hausti.

Skilmálar

- Skerpla er skilgreindur tengipunktur. Þar skal koma fyrir skilti með upplýsingum um Garðahverfi og staðaranda þess, ásamt ítarlegu korti af öllu svæðinu með gönguleiðum og áfangastöðum. Þar verði einnig upplýsingar um hvernig megi hlaða niður (t.d. á farsíma) vefsíða og rafrænu efni um svæðið.
- Aðkomu eftir vegi meðfram Skógtjörn og Aukatjörn skal haldið opinni og bílastæði gerð til að tryggja aðgengi fyrir alla.
- Hönnun skýlis við Skógtjörn sækir innblástur í sögu svæðisins, sjóbúða og útræðis og efnisval miði að því að miðla þeirri sögu með áþreifanlegum hætti.

Áherslur

- Í kynningarefni um Garðahverfi verði fræðsla um náttúrufer þessara tveggja áfangastaða.



Mynd 5.5.36 Áfangastaður 13: Skerpla og Skógtjörn





Mynd 5.5.37 Skerpla, Skógtjörn og Aukatjörn í baksýn

Framtíðarbyggð - bæjartorfur



Bæjartorfur - skilmálar




An aerial photograph showing a white church with a red roof and a cemetery in the foreground. The church is situated on a grassy hillside. To the right of the church is a large cemetery with many white crosses. In the background, there is a town built on a hillside overlooking a large body of water. The sky is filled with dark, dramatic clouds. The overall scene is a mix of rural and urban landscapes.

Verndarsvæði í byggð


Verndarsvæði í byggð 2018

- Nýr flokkur verndunar.
- Byggð með varðveislugildi sem nýtur sérstakrar verndar.
- Áhersla á verndun svipmóts.
- Garðahverfi eitt þeirra fyrstu á Íslandi.
 - Byggir algerlega á deiliskipulaginu.



Uppbygging

Kjarnasvæðið



Gönguleiðir



